

8. gr.

45

23. maí

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1934 og gildir fyrir Skagafjarðarsýslu. Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 19. júní 1933, um samþykktir um mat á heyi til sölu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

46

25. maí

um útflutning á verkuðum og óverkuðum saltfiski.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögnum, að leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkadán eða óverkaðan saltfisk.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

47

28. maí

um lendingarsjóð í Súgandafirði.

1. gr.

Af bátum allt að 60 smálestum, er ganga til fiskveiða í Súgandafirði, skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiptum afla áður en vertíð er lokið í Súgandafirði. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

47

28. maí

Gjaldið skal ávaxtað í sérstökum sjóði, er kallast Lendingarsjóður Súgfirðinga. Annast sýslunefnd um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem tryggastan og hag-anlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til að bæta bátalegu eða lendingu á Suðureyri í Súgandafirði.

Sýslunefnd ákveður, hvenær byrja skal að veita fé úr sjóðnum til lendingar-bóta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

48

29. maí

REGLUGERÐ

um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórn yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

2. gr.

Sveitarstjórn í hverri deild hefir heimild til að annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar. Er hver fjáreigandi skyldur til að reka fé sitt á fjall samkvæmt því, sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sér upprekstrarland annarsstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið reglur um notkun upprekstrarlands. Hver fjáreigandi, sem eigi á afréttarland, skal skyldur að borga hagatoll, 6 auro fyrir hverja kind.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fé sínu, og ef hann vill, eða ef mark verður óglögg, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja allt fé sitt veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægri horni